


Leikskólinn Örk

Ársskýrsla

2021-2022



Leikur einn  
LEIKSKÓLINN ÖRK

*Samskipti, virðing og samvinna.*

**September 2022**

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, leikskólastjóri

## Efnisyfirlit

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| Um leikskólann.....           | 3  |
| Skipulag.....                 | 4  |
| Börn.....                     | 4  |
| Starfsmenn.....               | 5  |
| Starfsdagar.....              | 7  |
| Foreldrasamstarf.....         | 9  |
| Bókasafn.....                 | 9  |
| Félags og skólalþjónusta..... | 9  |
| Sérkennsla.....               | 10 |
| Nemendarverndarráð.....       | 10 |
| Mat á skólaári.....           | 11 |
| Innra mat.....                | 11 |
| Foreldrakönnun.....           | 12 |
| Starfsmannakönnun.....        | 16 |
| Umbótaáætlun.....             | 22 |
| Lokaorð.....                  | 23 |



## Um leikskólann

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Ör. Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd sveitarstjórnar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Leikskólinn Ör er fimm deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli í fjórum húsum. ein deild er í Hvolnum og önnur deild í félagsmiðstöðinni. Starfsmannaástaða var einnig í Hvolnum.

95 börn stundaðu nám við leikskólann í vetur þegar flest voru og var síðasta aðlögunin í byrjun maí.

Í starfi leikskólans leggjum við áherslu á frumkvæði einstaklingsins og leikgleði undir kjörorðinu „Leikur einn“. Starfsmenn leikskólans kusu um gildi leikskólans og eru þau samskipti, virðing og samvinna og mun það fléttast inn í daglegt starf leikskólans m.a. verður það fléttað inn í skólanámskrá leikskólans er í uppfærslu.

Leikskólinn vinnur eftir Hugsmíðahyggju. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum heldur að barnið tileinki sér þekkingu og skilning.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða börnin leitandi og gagnrýnin, kunna að leita lausna og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati.

Þegar við skilgreinum hugtakið hugsmíðahyggja, gerum við það út frá því:

- að nám einkennist af virkni barnanna
- að börnin byggji upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þau lifa í
- að börnin vinni lausnamiðaða verkefnavinnu ýmist ein eða í hópi
- að börnin noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu.

## Skipulag

Dagskipulag er mismunandi eftir deildum.

Grunnskipulag leikskólans er það sama: :

7:45 Leikskólinn opnar

8:15 Morgunmatur

10:00 Hópastarj

11:10 Yngri börnin borða hádegismat

11:30 Eldri börnin borða hádegismat

12:00 Allir í hvíld

13:00 Leikur

14:30 Síðdegishressing

16:15 Leikskólinn lokar

## Börn

Í vetur voru 95 börn í vistun í leikskólanum þegar mest var.

Börn voru aðlöguð í kringum 12 mánaða aldur og síðasta aðlögun var í byrjun maí. Covid hafði aðeins áhrif á aðlögun þar sem við gátum ekki verið með þátttöku aðlögun eins og hún er uppsett. Sama foreldri/aðstandandi þurfti að vera alla daga og það var grímuskýlda í leikskólanum.

Í leikskólanum voru

- 18 börn á Undralandi fædd 2016.
- 22 börn á Ævintýralandi fædd 2017 og 2018.
- 22 börn á Tónalandi fædd 2018 og 2019.
- 16 börn á Draumalandi fædd 2019 og 2020
- 17 börn á Óskalandi fædd 2019 og 2020

TAFLA 1. MAÍ 2022

| Skóli          | Fjöldi nemenda | Drengir   | Stúlkur   | Samtala barngilda | Heil barngildi | Dvalargildi     | Deildargildi |
|----------------|----------------|-----------|-----------|-------------------|----------------|-----------------|--------------|
| Örk            | 95             | 46        | 49        | 137,80            | 137,76         | 1.102,09        | 5,74         |
| <b>Samtals</b> | <b>95</b>      | <b>46</b> | <b>49</b> | <b>137,80</b>     | <b>137,76</b>  | <b>1.102,09</b> | <b>5,74</b>  |

Í maí 2022 útskrifuðum við 18 nemendur frá okkur af fyrsta skólástigi. Einnig fóru þau í útskriftaferð ásamt kennurum deildarinnar og heppnaðist sú ferð mjög vel. Börnin glöð í dagslok.

Í vetur vorum við með 37 börn af 95 með annað móðurmál en íslensku.

## Starfsmenn

Vel gekk að manna leikskólann haustið 2021. Leikskólinn var fullmannaður og gat því vel tekið við þeim fjölda barna sem áætlað var að yrði í leikskólanum þetta skólaárið.

Fimm starfsmenn voru í leikskólakennaranámi þennan veturinn, misjafnlega langt komnir í náminu. Einnig er nemi í sálfræði og nemi í þroskaþjálfrafræðum.

Tekinn voru 2 starfsmannasamtöl þetta skólaárið og einnig var gerð starfsmannakönnun.

Niðurstöður samtalanna og könnunarinnar var að góður starfsandi er í leikskólanum.

Starfsfólk fær allt undirbúning og höfum við að mestu náð að veita öllu starfsfólki undirbúning hvort sem það er fagfólk eða leiðbeinendur.

Stytting vinnuvikunnar var óbreytt frá fyrra ári og er þannig uppsett að starfsmaður safnar 2 klst í vikulega styttingu og eina klst í söfnunarstyttingu. Þannig er reynt að koma til móts við fjölbreyttan hóp starfsmanna sem hafa mismunandi þarfir.

Í vetur vorum við með 35 starfsmenn starfandi við leikskólann. Stöðugildi voru 29.64. Þar af var 1 stöðugildi í ræstingu, 1 stöðugildi í eldhúsi og 2.8 stöðugildi í sérkennslu.

Skólaárið 2021-2022 vorum við með fjóra nema í grunnnámi í leikskólakennarafræðum. Einn nema í sálfræðinámi og einn nema í þroskaþjálfrafræðum. Einnig var einn kennari í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum. Það var stundum strembið að manna deildar þegar nemar voru frá vegna náms en þrír nemar í leikskólakennarafræðum voru frá einu sinni til tvisvar í viku vegna námsins. Einnig fóru nemar í vettvangsnám í eina til fjórar vikur í senn. Að hausti skrifa starfsmenn undir samskiptasáttmála en hann er leiðarljós starfsmanna í góðum samskiptum.

Við fundum þennan veturinn hversu erfitt er að vera í mörgum húsum á sitthvorum staðnum. Starfsfólk var duglegt að hittast eftir vinnu og skemmta sér saman. Eins var „feitur“ föstudagur einu sinni í mánuði sem deildar sáu um. Þá hittist starfsfólkið í stóra salnum í Hvolnum og átti góða stund saman þegar það mátti vegna fjöldatakmarkana í samfélaginu.

Starfsfólk var mjög lausnamiðað í starfi sínu og var ákveðið að vera dugleg að prófa nýja hluti með börnunum sem væri hægt að nýta í starfinu þegar við flytjum í nýtt húsnæði leikskólans.

Starfsmenn í febrúar 2022.

| Nafn                            | Starfsheiti                                       | Vinnuhlutfall |
|---------------------------------|---|---------------|
| Ana Lúcia Abranja Moita         | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Andrea Hrund Bjarnadóttir       | Leiðbeinandi / nemi í leikskólakennarfræðum       | 100,00%       |
| Anika Katharina Wiest           | Íðjuþjálfari / sérkennsla                         | 75,00%        |
| Anna Kristín Helgadóttir        | Deildarstjóri                                     | 100,00%       |
| Anna Margrét Aðalsteinsdóttir   | Leiðbeinandi                                      | 37,50%        |
| Árný Jóna Sigurðardóttir        | Deildarstjóri / nemi í framhaldsnámi leikskólafr. | 100,00%       |
| Ásta Sveinbjörnsdóttir          | Leiðbeinandi / veikindaleyfi                      | 50,00%        |
| Emese Daszkiewicz-Gönczy        | Háskólamenntaður starfsmaður                      | 100,00%       |
| Eyrún Elvarsdóttir              | Leiðbeinandi / nemi í þroskaþjálfarfræðum         | 100,00%       |
| Gréta Helgadóttir               | Sérkennslustjóri                                  | 70,00%        |
| Harpa Sif Þorsteinsdóttir       | Deildarstjóri                                     | 100,00%       |
| Helga Bergsdóttir               | Grunnskólakennari                                 | 75,00%        |
| Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir | Leiðbeinandi / nemi í leikskólakennarfræðum       | 100,00%       |
| Hildur Tryggvadóttir            | Leiðbeinandi / nemi í leikskólakennarfræðum       | 100,00%       |
| Judit Jónsdóttir                | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Justyna Broniszewska            | Leikskólakennari                                  | 100,00%       |
| Justyna Daszkiewicz             | Aðstoð í eldhúsi/mötuneyti                        | 100,00%       |
| Justyna Lis                     | Aðstoðarleikskólakennari                          | 100,00%       |
| Karítas Björg Tryggvadóttir     | Leiðbeinandi / nemi í leikskólakennarfræðum       | 100,00%       |
| Kristjana Laufey Adolfsdóttir   | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Leó Snær Konráðsson             | Leiðbeinandi / nemi í sálfræði                    | 100,00%       |
| Maria Guidetti                  | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Marzena Danuta Sobocka          | Leikskólakennari                                  | 100,00%       |
| Olga Vassiljeva                 | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Sarah Maagaard Nielsen          | Leiðbeinandi                                      | 50,00%        |
| Sigríður Lóa Gissurardóttir     | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Sólbjört Sigríður Gestsdóttir   | Skólastjóri                                       | 100,00%       |
| Unnur Óskarsdóttir              | Deildarstjóri                                     | 100,00%       |
| Valborg Jónsdóttir              | Aðstoðarskólastjóri                               | 100,00%       |
| Vera Lucia Abranja Dos Santos   | Leiðbeinandi                                      | 100,00%       |
| Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir   | Deildarstjóri                                     | 100,00%       |
| Þórey Þorkelsdóttir             | Leiðbeinandi                                      | 50,00%        |
| Þórunn Jónsdóttir               | Leikskólakennari                                  | 100,00%       |

## **Símenntunaráætlun /starfsþróun**

Starfsfólk tekur þátt í námskeiðum á starfsdögum auk þess sem allir starfsmenn fara á Haustþing starfsmanna leikskóla á hverju hausti.

Í ágúst var menntadagur á vegum skólaþjónustu Rangárvalla og vestur Skaftafellssýslu í streymi. Ákveðið var að skipta starfsmannahópnum í þrjá hópa þannig að allir kæmst á einn fyrirlestur. Þetta gekk ekki vel og í endurmati á menntadeginum var ákveðið að skipuleggja þetta ekki aftur á þennan hátt. Annað hvort færu allir starfsmenn eða enginn. Jafnvel ef dagseting menntadags Skólaþjónustunnar hentaði að fara annað hvert ár á menntadag skólaþjónustunnar og árið á móti á Haustþing kennara á Selfossi. Það á svo eftir að meta það enn frekar.

Skólaþjónusta Rangárvalla- og vestur Skaftafellssýslu hefur undanfarin ár verið með námskeið fyrir starfsfólk leikskóla en það lítið um það þetta skólaárið.

Starfsfólk var duglegt að sækja sér námskeið bæði í fjarfundabúnaði og þegar tækifæri gafst að fara t.d. til Reykjavíkur á námskeið.

Stjórnendur fóru á réttindanámskeið í Jákvæðum aga og fyrirhugað er að fá innleiðinganámskeið í jákvæðum aga á starfsdag á næsta skólaári

Einhverjir starfsmenn hafa einnig sótt sér námskeið á eigin vegum t.d. hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Töluvert var um að boðið væri uppá fyrirlestra og námskeið í fjarfundabúnaði og nýttu sér það nokkrir starfsmenn leikskólans.

Við nýttum okkur fagfundi og fundi með leiðbeinendum að vera með t.d. fyrirlestur frá Halldóru leikskólaráðgjafa um ýmislegt tengt starfinu og svo umræður í lokinn. Þetta mæltist vel fyrir og verður vonandi áframhald á.

### **Starfsdagar**

Þetta skólaár vorum við með 6 starfsdaga ásamt því að loka einn dag vegna haustþings kennara á Suðurlandi sem haldið var í fjarfundi þetta skólaárið. Til að bregðast við vanda vegna húsnæðisdreifingar var ákveðið að vinna einn starfsdag af sér og sá tímafjöldi var nýttur til deildarfunda. Var gerð könnun meðal starfsfólks áður en þessi leið var ákveðin og var 100% svarhlutfall og allir starfsmenn sögðu já.

## Starfsdagar :

| Dagsetning        | Lengd dags | Hvað var gert  | Athugasemdir  |
|-------------------|------------|--|---|
| 27 ágúst 2021     | 8-16       | Starfsmannafundur þar sem m.a. var kosið í nefndir og áheyrnafullrúa. Komandi vetur skipulagður með hliðsjón af húsnæðum. Einnig var farið yfir innleiðingakerfi á handbókinni Snemmtæk íhlutun í máli og læsi sem leikskólinn vann að undanfarinn 2 ár. | Einnig voru deildarfundir í lok dags svo starfsfólk hefði tækifæri til að skipuleggja deildarstarfið og fara yfir málefni barnanna á deildinni fyrir komandi vetur.           |
| 8 október 2021    | 8-16       | Haustþing kennara á Suðurlandi.  | Vorum í Hvolnum og fengu starfsmenn að velja sér námskeið fyrir hádegi og svo var námskeið eftir hádegi sem allir mættu á. Haustþingið var að þessu sinni haldið í fjárfundi. |
| 10. nóvember 2021 | 8-16       | Leikskólastjóri og deildarstjórar frá leikskólanum Rjúpnahæð í Kópavogi komu og kynntu starfsemi sína en Rjúpnahæð vinnur eftir Hugsmíðahyggjunni og eru kominn lengra í ferlinu en Örkin.   | Farið var yfir sjálfstæði og lýðræði í leikskólastarfi Rjúpnahæðar og hvernig börnin hafa valog rödd í sínu starfi. Starfsmannafundur og deildarfundir.                       |
| 3. janúar 2022    | 8-16       | Átti að vera starfsdagur en ekki var hægt að vera saman vegna fjöldatakmörkanna. Starfsmannahópnum var skipt upp í yngri og eldri deildar og starfsmenn fengu fyrirlestur hjá Halldóru leikskólaráðgjafa og starfsmannafund með leikskólastjóra          | Ekki hefðbundinn starfsdagur vegna fjöldatakmörkanna vegna Covid-19   |
| 10. mars 2022     | 8-16       | Starfsmannafundur, skólanámskrárvinna, kynning á snemmtækri íhlutun og starfið metið það sem af er vetri.  | Héldum fund viku eftir að þurfti að loka vegna starfsmannaeklu vegna veikinda starfsmanna. Fundur fór í að stilla saman starfið eftir covid veikindi og fjöldatakmörkanir.    |
| 22. apríl 2021    | 8-16       | Búið að vinna daginn afsér með deildarfundum yfir skólaárið.   | Vegna húsnæðisvanda var kosið um hvort hægt væri að vinna þennan dag afsér með setu á deildarfundum utan hefðbundins vinnutíma.   |
| 3. júní 2022      | 8-16       | Farið í skoðunarferð í leikskólana Rauðhól og Rjúpnahæð.   | Ákveðið var að fara í skoðunarferð í tvo leikskóla, Rauðhól sem vinnur markvisst með útkenndu og Rjúpnahæð sem vinnur með Hugsmíðahyggju eins og Örkin. .                     |



## **Dagur leikskólans**

Vegna fjöldatakmarkanna gátum við ekki verið með viðburð svo ákveðið var að útbúa myndband úr starfinu. Myndbandið var svo sett á heimasíðu leikskólans ásamt því að fara á heimasíðu sveitafélagsins.

## **Foreldrasamstarf**

Deildarstjórar senda reglulega frá sér fréttabéf til foreldra í tölvupósti og eins eru fréttir og tilkynnar settar á heimasíðu leikskólans. Karellen appið er nýtt til að koma upplýsingum til foreldra og foreldrar geta einnig haft samband til starfsmanna.

Þegar barn byrjar eru foreldrar boðaðir í viðtal fyrir leikskólabyrjun barns og þar er starfið kynnt og foreldrar koma fram með upplýsingar um barnið. Fjórum til sex vikum eftir að aðlögun líkur eru foreldrar boðaðir í öviðtal þar sem þeir eru spurðir út í upplifun sína af leikskólabyrjun barnsins. Þær upplýsingar eru svo nýttar til að efla enn frekar aðlögun barna ef þurfa þykir.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og einnig var send út foreldrakönnun annað hvert ár. Að þessu sinni komu 33 svör frá foreldrum 95 barna.

## **Bókasafn**

Í upphafi haustannar fengum við bókakassa í öll húsin. Þar geta börn og foreldrar tekið bók, lesið hana og skilað henni aftur í kassann.

## **Félags og skólþjónusta**

Við Skólþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfa Þórunn Jóna Hauksdóttir stjórnandi og kennsluráðgjafi grunnskóla og Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi. Sérfræðingar skólþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskóla, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna uppeldisráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymum.

Halldóra Guðlaug leikskólaráðgjafi kom í leikskólann einu sinni í viku og sinnir þar ráðgjöf og teymisvinnu til foreldra og starfsfólks.

Boðið var upp á ráðgjafadag hjá sálfræðingi Sálstofunnar fyrir foreldra og starfsmenn vegna deildarvinnu. Einn dagur á c.a. mánaðarfresti frá klukkan 9:00 – 11:00 var hægt að úthluta til þeirra er óskuðu eftir því að fá ráðgjöf sálfræðings. Þessir tímar voru vel nýttir og almenn ánægja með þessa nýbreytni.

### **Sérkennsla**

Í sérkennsluteymi leikskólans þetta skólaárið voru þrjú starfsmenn 1,8 stöðugildi.

Börn hafa annaðhvort fengið íhlutun í formi einstaklingsvinnu eða í hópavinnu á deild. Hóþþjálfun á deildum felur í sér að sérkennarar eru hluti af deildinni og taka nokkra einstaklinga saman í t.d fínhyrfivinnu, spilastund, lestrarstund, félagsfærniæfingar og þess háttar, allt eftir þörfum einstaklinga í hvert sinn. Lögð er áhersla á að börnin eru ekki tekin út af deild nema að brýn nauðsyn væri til og helst unnið með börnin í gegnum leik inná deildum eða á sameiginlegu svæðunum.

Í vetur voru einnig tveir starfsmenn sem sinntu 100% stuðning við barn á deild.

### **Nemendaverndarráð**

Í vetur hófust reglulegir nemendaverndarráðsfundir sem hóft í kjölfar nýrra laga um farsæld barna þar sem auðvelda á foreldrum og börnum allt utanumhald milli kerfa þ.e. mennta, félags og heilbrigðiskerfa. Leikskólastjóri heldur utan um fundi og situr þá ásamt sérkennslustjóra og öðrum starfsmönnum ef þurfa þykir. Einnig situr hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu, félagsráðgjafi frá félagsþjónustu ásamt forstöðumanni og leikskólaráðgjafa frá skólaþjónustu. Fundir voru haldnir á c.a. 6 vikna fresti og foreldrar látnir vita effjalla á um þeirra barn á fundi.

Almenn ánægja var með þetta nýja fyrirkomulag.

## Mat á skólaári

Skólaárið hófst í ágúst með aðlögunum nýrra barna ásamt því að færa börn á milli deilda. Það gekk ótrúlega vel að færa börn á milli deilda og betur en við þorðum að vona vegna þess að börnin voru sum hver að færast á milli staða innan Hvolsvallar.

Covid einkenndi mestan part skólaársins en það þurfti stundum að bregðast hratt við þegar slakað var á takmörkunum eða þær hertar. Í janúar skiptum við leikskólanum í fjóra hluta og starfsfólkið hittist ekki. Takmarkaðar gestakomur í hús og almennt mjög íþyngjandi aðgerðir. Vel var fylgst með og um leið og mátti þá var slakað á aðgerðum innanhúss.

Í byrjun mars urðum við að grípa til fáliðunaráætlunar vegna manneklu. Fyrsta vika marsmánaðar fór í covidveikindi starfsfólks og þegar flesta starfsmenn vantaði í hús þá vantaði 22 starfsmenn. Við þurftum að nýta fáliðunaráætlun í fjóra daga þetta skólaárið.

Innleiðing á þróunarverkefninu okkar gekk hægar en við óskuðum en betra að hægt gangi en að ekkert gangi. Við höfum náð að fara yfir þónokkuð af bókinni og nú þarf að halda áfram innleiðingunni og verður þeirri vinnu haldið áfram á næsta skólaári.

Sú breyting var þetta skólaárið að börnin fengu val um hvað þau vildu gefa foreldrum í jólagjöf. Byrjað var á að elstu árgangarnir fengu val um fimm hluti og gekk mjög vel. Er þetta partur af lýðræði í skólastarfi og til að auka val barna í námi sínu.

## Innra mat

Innra mati leikskóla er ætlað að meta starf leikskólans.

Með innra mati er leikskólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Foreldraviðtöl fóru fram að hausti og vori. Foreldrakönnun var rafræn og spurt var út í upplifun foreldra af foreldrasamstarfi ásamt því hvernig þeim þætti tekið á móti sér og barni sínu þegar þeir koma með og sækja börnin sín. Heilt yfir voru foreldrar ánægðir með starfið þrátt fyrir húsnæðismál leikskólans. Unnið er úr könnuninni fyrir næsta skólaár.

Tekin voru starfsmannasamtöl við alla starfsmenn. Almenn ánægja virtist vera meðal starfsmanna og er starfsandinn nokkuð góður. Það var þó þreyta í mannskapnum vegna faraldurs Covid og vegna aðstæðna í húsnæðismálum. Margir starfsmenn sakna þess að hitta samstarfsfólk sitt á göngunum eins og var þegar við voru á einum stað.

Nokkrir starfsmenn nefndu þó að þeir vildu breyta til, ýmist fara á eldri eða yngri deild. Reynt var að taka tillit til þessa eins og hægt var við uppþöðun á deildir fyrir næsta vetur.

### Hluti af innra mati er :


- foreldrakönnun.
- Foreldraviðtöl
- Starfsmannakönnun
- Starfsmannaviðtöl
- Tengslahringur sem starfsfólk fyllir út og farið er yfir niðurstöður með leikskólastjóra
- Fundir – deildarfundir, deildarstjórafundir, fagfundir, fundir með leiðbeinendum, teymisfundir, fundir með sérkennslu ofl.
- 

## Foreldrakönnun


Foreldrakönnun var send út í apríl og bárust svör frá 33 foreldrum.

Hér má sjá nokkur svör úr könnun.

Ég er velkominn í leikskólann  
33 svör




Ég tel að barnið mitt sé ánægt í leikskólanum  
33 svör




Mér finnst barnið mitt kvatt hlýlega í dagslok

33 svör




Mér finnst starfsfólk bregðast vel við ábendingum mínum eða beiðnum varðandi barnið mitt

33 svör




Ég fæ tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig við vinnum saman að uppeldi barnsins míns

33 svör




Ég fæ upplýsingar varðandi liðan barnsins míns í leikskólanum


33 svör



Ég tel að námsefni leikskólans sé við hæfi barnsins míns  
33 svör



Námið sem barnið mitt fær í leikskólanum samræmist þeim væntingum sem ég hef til leikskólans  
33 svör



## Hvað ertu ánægð/ur með í starfi leikskólans ?

- Starfsfólkið.
- Góð samskipti
- Flest allt, dugleg að fara út að leika, læra orð og leyfa börnunum að upplifa sjálfstæði í að gera hluti
- Starfsfólk og starfið
- Ánægð/úr hvað barninu mínu líður vel. Ánægð hvað það er tekið utan um hans/hennar erfiðleika og unnið með þau. Finn að barninu sé hrósað og tóntegund/raddbeiting hjá flestu starfsfólki er jákvæður og hlýr í jarð barnanna.
- Gott þau eru kennsla mikið um náttura
- Áhuga og metnað starfsfólks
- Mikið utivist. Frábæra kennari.
- Starfsfólkið á Tónalandi
- Flest af starfsfólkið
- Mér þykir vænt um að sjá hvað atarfsfólkið er hlýtt og gott
- Mjög markt.
- That my child feels good and safe and has a good time
- Barnið tekur framförum frá degi til dags
- Að barninu mínu líður vel
- Mikil jákvæðni
- Frábært starfsfólk að mínu mati
- Starfsfólkið

- Mikil útivera og opin leikur
- Ánægð með áherslu á læsi, frjálsa sköpun og leik. Einnig gæði starfsfólksins
- Hversu faglegt starfið er og þarfir barnsins mín skipta starfsfólk máli
- Flest
- Frumleika, fjölbreytni
- Viðmót starfsfólks til barnanna og okkar foreldra
- Menntastefnu leikskólans, flestir kennarar eru frábærir
- Frábært starfsfólk
- Það er margt gert vel, ekkert eitt sem stendur uppúr
- Viðmót starfsfólks er til fyrirmyndar
- Ég er ánægð með daglegt starf og menntastefnu
- með starfsfólk

### Hvað ertu óánægð/ur í starfi leikskólans ?

- Ekkert
- Staðsetninguna á deildinni, aðstaðan þar og útisvæðið er með öllu til skammar.
- ekkert sem kemur upp í hugan
- Stundum er eitthvað vesen með Karellem og örfáum sinnum gleymist að setja inn svefn eða mat
- Mætti bregðast við sumum hlutum fyrr
- Ég myndi vilja betra upplýsingaflæði ef barn meiddir sig í leikskóla. Annað hvort með hringingu eða spjalli þegar það er sótt. Svo maður sé ekki að sjá óvænt sár á barni þegar heim er komið. Bæði að tala um sár sem hafa komið vegna óhapps á leiksvæði og sár sem eru af völdum annarra barna.
- Væri meira hrein leikskola
- Ég myndi vilja meiri upplýsingar varðandi líðan barns í leikskólanum (þe liður vel, fljótur að jafna sig, datt og meiddi sig og fleira)
- Kennarar mætti nota karellem appið betur svo maður veit meira hvernig barnið er búið að borða og sofa yfir daginn.
- Aðstaða en gefskilning á að það sé tímabundið
- Mer finnst ekki godur staður fyrir leikskóla í hvolnum og twisturinn. Ekkert leikvöll, finnst börnin vera of lítil uti, mer finnst allt og marka starfsdags og allt of langt sumarfrí.
- Ekkert ennþá
- Ekki mikið
- Sometimes when you talk to one person it seems like the information is not shared between the whole „deild“
- Ekkert sem kemur til greina
- Ef barni liður vel er maður ekki óánægður
- Ekkert sem við höfum ekki getað bara rætt og fundið útúr
- Húsnæðið
- Sjónvarpsáhorf
- Ekkert, myndi kannski vilja meiri upplýsingar um daginn, þ.e. svefn og matartíma en get alltaf spurt.
- Heilt yfir ekkert, mætti vera meiri útivera á yngri deildunum
- Utisvæðið, en veit þið gerði ykkar allra besta miðað við aðstæður
- Ekki neitt

- Mjög óánægður með húsnæði leikskólans og aðstöðuleysið fyrir utan deildirnar.
- Endurskoða sumarfríð
- Að geta ekki farið með börnin á einn stað
- ég er óánægð með aðbúnað sumra bráðabirgða deilda og þá sérstaklega útisvæði
- ekkert

### Annað sem þú vilt að komi fram ?

- Annað en óánægju okkar á svæðinu sem 2 deildar af leikskólanum er staðsettar á? Nei
- Almenn séð er ég mjög ánægð með leikskólastarfið, sérstaklega eftir að .....kom aftur. Hún er rosalega fær og svo mikil fagmennska í kringum hana.
- Takk fyrir að gera ykkar besta miða við aðstæður, þið eruð æði.
- Byrja vinna saman með foreldra, ekki vera móti breytingar.
- Takk fyrir mig
- Starfsfólk má vera duglegra að koma upplýsingum um svefn og neyslu í matartímum á karellen. Einnig taka myndir og senda samdægurs.
- Mér finnst allir starfsmenn alltaf vera að reyna að gera sitt besta
- Mjög þakklát fyrir leikskólann, starfsemina og starfsfólkið. Eigið öll gríðarlegt hrós skilið fyrir ykkar störf og sérstaklega sl. 2 ár.
- Takk fyrir barnið mitt og umhyggjuna gagnvart því
- Mér þykir útiaðstaða mjög léleg og þörf á að gera betur.
- Það mætti bæta útiaðstöðu allra deilda og auka samskipti og foreldras






## Starfsmannakönnun

Ég er ánægð/ur með upplýsingaflæði innan leikskólans


29 svör



- Sammála
- Ósammála
- Mætti bæta margt, en flókið í þessum aðstæðum
- Ég er sammála en það er stundum dálítil hyndrun að vera svo dreifð
- Mjög ánægður með upplýsingaflæði en ég fylgist ekki nógu vel með persónulega


Ég nota eftirfarandi til að fá upplýsingar um starfið ? (merkið við það sem við á)

28 svör




Ég á gott samstarf við deildarstjóra

29 svör




- Sammála
- Ósammála

Ég á gott samstarf við starfsmenn á minni deild  
29 svör




- Sammála
- Ósammála
- Já og nei
- Yfirleitt, já.
- Yfirleitt sammála, nema stöku sinnum gagnvart sama starfsmanni

Ég á gott samstarf við stjórnendur  
29 svör




- Sammála
- Ósammála
- Við Solbjört.
- Oftast en erfitt vegna dreifingar
- biða lengi eftir svári, hrósar ekki öllum starfsmönnum, segir ekki góðan daginn stundum
- Já og nei

Ég á gott samstarf við starfsfólk sérkennslu  
28 svör




- Sammála
- Ósammála
- Ég hefur bara ekki hugmynd um hvað þetta fólk gera, sér þær aldrið !!!!!!!!
- Lítill samskipti.
- tala stundum mikið, það hlýtur að vera það sem hún vill
- Hef varla unnið með þeim
- Hef ekki unnið með öllum í sérkennslu, en þau sem ég hef unnið með eru mjö...

Ég á góð samskipti við starfsfólk leikskólans  
28 svör




- Sammála
- Ósammála
- Það eru lítil samskipti vegna aðstæðna en þau litlu samskipti sem ég á við þá eru góð

Ég hef rödd í starfinu, það er hlustað á mínar hugmyndir  
29 svör



- Sammála
- Ósammála
- Stundum
- Já og nei


Ég tel mig taka vel á móti öllum börnum að morgni og kveð þau þegar þau fara í lok dags  
29 svör



- Sammála
- Ósammála
- Reyni mitt besta en yfirleitt sammála

## Ég skrái inn upplýsingar í Karellen þar sem það á við t.d. matur og hvíld

27 svör



## Hvað myndir þú vilja endurmennta þig í ?

19 svör

ekkert

Læra vera leikskólakennari

Meta jákvæðni

Erfiða hegðum

Sálfræði

Útikennsla, jákvæðan aga, storytelling,

Ég væri mikið til í að fara á Lubba námskeið

Ég myndi vilja verða betri og betri í því sem ég geri og tala betur og betur á íslensku

Tölvunarfræði; læsi; Lubbi

Engu eins og er, finnst starfið nóg en hef mikinn áhuga á jákvæðum aga, málþroska og útikennslu

Allskonar

útikennsla,

Háskóla

Útikennsla

Útikennslu og jákvæður agi

Kafa dýpra í jákvæðan aga, útikennsla

Jákvæð sálfræði

Til í allt

## Ég er sérstaklega ánægð/ur með

23 svör

Starfólkin mín og deildastjóri mín

Hvað deildin vinnur vel saman (flest af okkur)

Deildastjóranum mínum

að maría hafi verið að vinna hjá okkur

Hvað við erum búin að standa okkur vel síðustu 2 árin

Börnin og samstarfsfélagana

með fólkinu sem ég vinn með

Starfsfólkið og starfsandann.

Samstarfsfólkið, tækifæri mín sem leikskólakennari, dugnaðinnn við að fara út fyrir leikskólalóðina og mórallinn í leikskólanum  
Samstarfsfólk mitt. Stjórnendur sérkennslu sem hafa fullt af hugmyndum.  
Ég er mjög ánægð að vinna með börnunum sem ég elska. Að fylgjast með þeim þroskast og læra á sama tíma  
Samstarfið á deildinni  
starfið á deildinni  
Skilning flestra á að leikur er mikilvægur og að kennaraföndur er minnkandi.  
undirbúningur x ki xstytting  
Sjoppuna  
Starfsmóralinn  
Jákvætt andrúmsloft og flestir opnir fyrir hugmyndum. gott hvað við erum mikið úti  
Rólegheitin í samskiptum milli starfsmanna  
starfsfólkið  
Samvinnu á deildinni  
Það faglega starf sem er í leikskólanum, hvatning til að reyna að gera enn betur en síðast og hvatningin til að bæta við sig þekkingu.  
Góðan starfsanda

## Mér finnst þurfa að bæta

### 17 svör

Meira mismunandi matur - ekki alltaf sama gúllas , grænmiti  
Meira skilning fyrir fólk með veik börn því við stjórnunum því ekki og fólkið með eitthvað andlegt að stríða .  
Við erum ekki frá af því við nenum ekki að mæta það er ástæða fyrir því þó það sjáist ekki udan frá.  
Að það sé jöfn virðing borin fyrir öllum starfsmönnum, ófaglærðum jafnt og faglærðum  
ekkert  
Húsnæði-tölvukost- fleiri fagmenntaða leikskólakennara ig fagmenntaðan sérkennara  
Upplýsingaflæði frá deildarstjóra til starfsmanna á deildinni, upplýsingaflæði frá sérkennslu til starfsmanna á deildinni, traust frá deildarstjóra til starfsmanna deildarinnar, skýra verkferla fyrir hvert starf þ.e. hvert er hlutverk starfanna í Leikskólanum Ör  
auðvitað tala góða íslensku  
Ef það vantar e-n; að fá afleysingu  
Starfsérkennslunnar  
Koma öllum í skilning um að fólk ræður sig til að vera í vinnu og í hverju vinnan felst. Það mætti vera meira aðhald fyrir þá sem ekki vinna vinnuna sína. Almennt held ég samt að fólk geri það en undantekningum mætti taka betur á.  
ekki stressa í vinnunni  
Margt  
Sumir starfsmenn mættu vera meira til staðar inni á deild eða leggja sig meira fram  
Aðallega húsníðsvandinn sem mér finnst mesta vandamálið  
leikföng  
Vinna áfram í að börnin uppgötvu meira sjálf með opnum spurningum og fá þau til að kanna og segja og komast að hlutunum, meira flæði og leik með kennslufræðilegri fléttu.  
Alltaf eitthvað hægt að bæta, man samt ekki eftri neinu í augnablikinu.

## Annað sem ég vil að komi fram

### 9 svör

Ekkert

1) að sumt starfsfólk þarf að vinna vinnuna sína og sína því smá áhuga. 2) símalaus leikskóli - hvað hefur starfsfólk að gera með síma inn a deild (fyrir utan deildarstjóran)

Mér líður vel í vinnunni og veit að feamundan eru bjartari tímar í húsnæðis og aðbúnaðarmálu m.

Það er dásamlegt að vinna í leikskólanum Örk! Áfram við! Við erum æði!

Ég er mjög ánægð á þessi leikskóla

Áfram á sömu braut!

ekki nuna

Starfsfólk sjái ekki um kaffitíma heldur eldhúsfólk, sleppa því að brjóta saman þessar tuskur

Mjög mikil ánægja að vinna hér

## Umbótaáætlun

Skólaárið 2022-2023 er áætlað að klára uppfærslu á skólanámskrá ásamt því að klára fimm ára áætlun um innra mat leikskólans. Búið er að setja saman teymi til að vinna að innra mati í leikskólanum. Í teyminu sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, yfirmaður sérkennslu og deildarstjórar. Á þessu skólaári er áætlað að yfirfara hvar leikskólinn er staddur með það að markmiði að bæta enn frekar þá þætti sem þarf að bæta. Þeir þættir sem þarf að meta eru :

1. stjórnun
2. uppeldis og menntastarf
3. mannauður
4. leikskólabragur
5. innra mat.

### Yfirfara þarf:

| Skýrsla / áætlun                            | Hver yfir fer                                     |
|---|---|
| Símenntunaráætlun                           | Leikskólastjóri                                   |
| Áfallaáætlun                                | Áfallateymi                                       |
| Skólanámskrá                                | Skólanámskrárnefnd, starfsfólk, börn og foreldrar |
| Handbók um snemmtæka íhlutun í máli og læsi | Handbókarnefnd                                    |
| Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk         | Stjórnendur                                       |
| Gátlista fyrir heilsueflandi leikskóla      | Heilsueflingarnefnd                               |
| Rýmingaáætlun                               | Áfallateymi                                       |

Í heilsueflandi leikskóla verður unnið að geðrækt þennan veturinn.

Áfram verður unnið með starfsánægju starfsfólks ásamt því að efla foreldrasamstarf nú þegar má fá foreldra inn í hús.

## Lokaorð

Skólaárið 2021-2022 var að mörgu leiti mjög krefjandi vegna húsnæðismála og aðstæðna í samfélaginu þ.e. vegna covid. Ég tel þó að þessar aðstæður hafi hrist starfsmannahópinn enn betur saman þó hann hittist ekki allur á hverjum degi. Starfsfólk er lausnamiðað og óhrætt við að prófa nýja hluti.

Eftir að við þurftum að flytja á milli húsa þá þurftum við að hugsa útiveru upp á nýtt og hefur starfsfólk talað um hversu mikið félagshæfni barna hefur aukist við það að geta ekki falið sig í tilbúnum leiktækjum. Börnin þurfa að eiga samskipti sín á milli og sjáum við að rannsóknir um útinám styðja við upplifun okkar. Ákváðum við því eftir þennan vetur að fá verkefnastjóra yfir útkennslu næsta skólaár til að auka enn frekar markvissa útkennslu á komandi skólaári. Við munum svo útbúa skýrslu um hvernig tekst til því ef þessi tilraun okkar verður farsæl þá myndum við gjarnan halda áfram með þetta þó við verðum vonandi kominn í nýtt húsnæði. Það er margt að gerast í leikskólastarfinu og lítum við björtum augum til framtíðar.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, skólastjóri leikskólans Arkar

